



Borgarráð

Reykjavík, 27. febrúar 2025
FAS25020059

Úlfarsbraut 122, Sala á færanlegum húseiningum

Óskað er eftir borgarráð samþykki meðfylgjandi kaupsamning um sölu á lausum húseiningum við Dalskóla, til sveitarfélagsins Stykkishólms.

Greinargerð

Eignaskrifstofa Reykjavíkurborgar auglýsti til sölu færanlegar húseiningar sem staðsettar eru við Úlfarsbraut 122, Dalskóla, í Úlfarsárdal.

Einingarnar voru auglýstar í uppboðsferli í gegnum vefinn www.uppbod.com. Var lágmarksverð ákveðið 2.300.000,-. Alls bárust 15 tilboð í húseiningarnar og var hæsta tilboð sem barst 5.062.000,-. Kaupandi er sveitarfélagið Stykkishólmur. Kaupanda ber að fjarlægja húseiningarnar á eigin kostnað og ábyrgð og ganga frá lóð.

Kaupverð greiðist að fullu við undirritun kaupsamnings.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig
Fjármála- og áhættustýring
Eignaskrifstofa

Hjálagt: Kaupsamningur / afsal

Kaupsamningur / Afsal

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhús Reykjavíkur, 101 Reykjavík vegna Eignasjóður Reykjavíkurborgar, kt. 621102-2220, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík. selur hér með og afsalar sveitarfélaginu Stykkishólmi, kt. 620269-7009, húseiningar sem staðsettar er á lóð Dalskóla, Úlfarsbraut 124, Reykjavík, til brottflutnings.

Húseiningarnar hafa verið skráðar með fasteignanúmeri hjá HMS en verða afskráðar af seljanda við undirritun kaupsamnings.

Um er að ræða fimm einingar merktar **S-14 – 17** (rétt skráning S-14 – 18 í þjóðskrá) stærð 14,8 m² hver, og sjö einingar merktar **S-1-7** stærð 14,8 m² hver skv. Þjóðskrá. Innangengt er á milli eininganna.

Einnig er um að ræða 198,1 m² einingu merkt **H-9**, 28,9 m² einingu merkt **TL-2** og fimm einingar merktar **S-9-13** sem eru 14,8 m² hver skv. Þjóðskrá. Innangengt er á milli eininganna

Einingarnar eru seldar í því ástandi sem þær voru í við lok uppboðs á eignunum, þar sem þær eru staðsettar við Dalskóla, sem kaupandi hefur kynnt sér með skoðun og sættir sig við að öllu leyti. Húseiningarnar seljast til flutnings og án lóðarréttinda og skal fjarlægja þær af lóð Dalskóla eins fljótt og kostur er.

Umsamið kaupverð eignarinnar kr. **5.062.000,-** fimm milljónir sextíuogtvöþúsund 00/100, sem kaupandi greiðir að fullu við undirritun kaupsamnings.

Um kaupsamning þennan gildir einnig auglýsing eins og hún birtist á uppboðsvefnum www.uppbod.com en frestur til að gera tilboð í eignirnar rann út þann 17. febrúar 2025.

Afhending fer fram við kaupsamning og þarf kaupandi að fjarlægja einingarnar af lóðinni strax við afhendingu. Kaupandi sér um og aflar tilskilinna leyfa fyrir flutningi og/eða niðurrifi og ber fulla ábyrgð á framkvæmdinni. Kaupandi skal ganga þannig frá lóðinni að vegfarendum stafi ekki hætta af. Frágangur lagna í jörðu verður í höndum seljanda.

Samkvæmt framangreindu lýsir Reykjavíkurborg vegna Eignasjóður Reykjavíkurborgar, hér með sveitarfélagið Stykkishólmi, réttan og löglegan eiganda hins selda.

Til staðfestu framangreindu rita aðilar nöfn sín hér undir í viðurvist vitundarvotta.

Gerð verða tvö samhljóða eintök af samningi þessum.

Reykjavík, dags. _____

F.h. Reykjavíkurborgar skv. samþykki
borgarráðs dags. _____

F.h. kaupanda

Vottar að réttri dagsetningu, undirritun og fjárræði

Nafn og kt.

Nafn og kt.

